


LV-2014-094



Landsvirkjun



Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2014-094

Dags: október 2014

Fjöldi síðna: 26

Upplag: Rafræn

Dreifing:

- Birt á vef LV
 Opin
 Takmörkuð til

Titill: Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns

Höfundar/fyrirtæki: Elín Fjóla Þórarinsdóttir, Kristín Svavarsdóttir, Jóhann Þórsson og Guðrún Schmidt / Landgræðsla ríkisins

Verkefnisstjóri: Árni Jóhann Óðinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Að beiðni Landsvirkjunar var gerð úttekt á áfoki frá lónstæði Háslóns og hannað úttektarkerfi fyrir vöktun á áfoki til framtíðar. Vöktunarkerfið byggir á ljósmyndum sem teknar eru með reglulegu millibili meðfram lónsborði Háslóns. Þá er metin útbreiðsla áfokssvæða sem hafa þegar myndast og þykkt áfoks mæld. Úttekt fór fram við austurströnd Háslóns og í Kringilsárrana í júlí 2014. Niðurstöður úttektarinnar sýna að tvö áfokssvæði eru við austurströnd Háslóns, við Lindarbungu og Kofaöldu og eru þau bæði yfir 1 ha að stærð. Í Kringilsárrana eru þrjú megin áfokssvæði, norðan Syðri Hrauka er um 1,8 ha samfelt svæði, í vík rétt sunnan Hrauka er að myndast áfoksgeiri, auk þess sem áfok er á nokkrum svæðum við fokgirðingarnar nyrst í Rananum. Mesta áfokið er í víkinni sunnan Hrauka, á rúmlega 0,2 ha svæði með að jafnaði rúmlega 4 cm þykku áfoki.

Lykilorð: Háslón, Kringilsárrani, áfok, mælingar á áfoki, vöktun með ljósmyndum, áfoksgeirar

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns



Landgræðsla ríkisins 2014

Lr 2014/19





LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2014/19

Blaðsíður: 26

Dagsetning: 15. október 2014

Heiti: Úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns

Höfundar: Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Kristín Svavarsdóttir, Jóhann Þórsson og Guðrún Schmidt

Ljósmyndir: Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Kristín Svavarsdóttir, Jóhann Þórsson og Guðrún Schmidt

Verkefnisstjóri: Sveinn Runólfsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Útdráttur: Að beiðni Landsvirkjunar var gerð úttekt á áfoki frá lónstæði Háslóns og hannað úttektarkerfi fyrir vöktun á áfoki til framtíðar.

Vöktunarkerfið byggir á ljósmyndum sem teknar eru með reglulegu millibili meðfram lónsborði Háslóns. Þá er metin útbreiðsla áfokssvæða sem hafa þegar myndast og þykkt áfoks mæld. Úttekt fór fram við austurströnd Háslóns og í Kringilsárrana í júlí 2014.

Niðurstöður úttektarinnar sýna að tvö áfokssvæði eru við austurströnd Háslóns, við Lindarbungu og Kofaöldu og eru þau bæði yfir 1 ha að stærð. Í Kringilsárrana eru þrjú megin áfokssvæði, norðan Syðri Hrauka er um 1,8 ha samfellt svæði, í vík rétt sunnan Hrauka er að myndast áfoksgeiri, auk þess sem áfok er á nokkrum svæðum við fokgirðingarnar nyrst í Rananum. Mesta áfokið er í víkinni sunnan Hrauka, á rúmlega 0,2 ha svæði með að jafnaði rúmlega 4 cm þykku áfoki.

Efnisorð: Háslón, Kringilsárrani, áfok, mælingar á áfoki, vöktun með ljósmyndum, áfoksgeirar.

Undirskrift verkefnisstjóra

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Áfok.....	4
3. Aðferðir við vöktun og mælingar.....	5
3.1 Vöktun með ljósmyndum.....	5
3.2 Mælingar á áfoki.....	8
3.2.1 Uppsetning sjálfvirkra mælitækja.....	10
4. Vettvangsúttekt, úrvinnsla og niðurstöður.....	11
4.1 Niðurstöður – áfok frá lónstæði Háslóns.....	11
4.1.1 Áfokssvæði við Lindabungu.....	12
4.1.2 Áfokssvæði við Kofaöldu.....	16
4.1.3 Áfokssvæði nyrst í Kringilsárrana.....	17
4.1.4 Áfokssvæði við Hrauka.....	19
4.1.5 Áfokssvæði norðan Syðri-Hrauka.....	20
5. Samantekt og umræður.....	23
6. Heimildir.....	26

Kort:

Kort 1. Háslón og nágrenni. Svarta línan sýnir þann hluta strandlengjunnar sem úttekt á áfoki náði til.....	3
Kort 2. Staðsetning vöktunarreita með ljósmyndum.....	7
Kort 3. Áfokssvæði við Háslón, a) við Lindabungu, b) við Kofaöldu, c) nyrst í Kringilsárrana, d) við Hrauka og e) norðan Syðri-Hrauka (stærð svæða ýkt til að sýna staðsetningu). Svartir krossar sýna staðsetningu sjálfvirkra mælitækja sem sett voru upp í Kringilsárrana í júlí 2014.....	12
Kort 4. Áfokssvæði við Lindabungu (a), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.....	13
Kort 5. Áfokssvæði við Kofaöldu (b), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.....	16
Kort 6. Áfokssvæði nyrst í Kringilsárrana (c), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.....	18
Kort 7. Áfokssvæði við Hrauka (d), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.....	19
Kort 8. Áfokssvæði sunnan Hrauka (e), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.....	21

Myndir:

Mynd 1. Dæmi um ljósmynd af 50x50 cm ramma í vöktunarreit.....	5
Mynd 2. Dæmi um yfirlitsmynd af vöktunarreit, tekin u.þ.b. 2 metra frá strandlengju.....	6
Mynd 3. Yfirlitsmynd af vöktunarreit, rammi staðsettur u.þ.b. 2 metra frá röskuðu svæði við veg.....	6
Mynd 4. Mælireitir lagðir út á sniði. Fyrsti reitur um 2 m frá fjöruborði og svo með 6 m millibili inn til landsins eins langt og áfok nær.....	8
Mynd 5. Mælireitur með 50x50 cm ramma þar sem áfoksþykkt er mæld með fimm punktmælingum. Stjarna sýnir hvar í rammanum þykkt áfoks var mæld.....	9
Mynd 6. Sumarið 2014 voru lögð út mælisnið í áfoksgeira sem hafði myndast í Kringilsárrana. Sniðin voru lögð út þannig að 4 m væru á milli þeirra og mælireitir lagðir út á hvert snið með 5 m millibili.....	10
Mynd 7. Mælireitur AM 023_02 þar sem meðalþykkt áfoks var 0,2 cm.....	15
Mynd 8. Mælireitur AM 021_01 þar sem meðalþykkt áfoks var 2,2 cm.....	15


- Mynd 9. Sandur hefur safnast innan við malarkamb á áfokssvæði norðan Syðri Hrauka milli mæltreita KM036_04 og KM037_01. , Horft er til suðurs á svæði milli mæltreitanna tveggja á mynd a) og til norðurs á mynd b). 24*
- Mynd 10. Mikið magn áfoksefna er í áfoksgeira sem er að myndast í vik sunnan við Hrauka. Hér má sjá unglunga að störfum sumarið 2014 að raka efninu saman og bera út í lónstæðið. 25*

1. Inngangur

Tildrög þessa verkefnis eru þau að Landsvirkjun óskaði eftir því við Landgræðslu ríkisins að stofnunin annaðist úttekt og mælingar á áfoki við strönd Háslóns. Úttektir á strandsvæðum Háslóns sumarið 2013 sýndu að áfok hafði orðið á nokkrum svæðum við Háslón (Elín Fjóra Þórarinsdóttir og Guðrún Schmidt 2013; Björn Stefánsson o.fl. 2014). Þetta verkefni er liður í því að koma upp vöktunarkerfi og fylgjast reglubundið með þróun áfoks á svæðinu. Úttektin náði til austurstrandar Háslóns, frá Desjarárstíflu og suður að Jökulkvísl, og til norðurhluta Kringilsárrana frá Kringilsá að svokölluðum Syðri-Hraukum (kort 1).

Markmið verkefnisins var að fá heildaryfirlit yfir núverandi stöðu áfoks við fyrrgreind svæði við strönd Háslóns. Það var gert annars vegar með því að setja upp vöktunarkerfi sem byggir á því að taka ljósmyndir með reglulegu millibili og hins vegar með því að mæla það áfok sem orðið hefur. Auk þess voru sett upp sjálfvirk mælitæki til að mæla áfok.

Úttektin var unnin í júlí sumarið 2014 af starfsmönnum Landgræðslunnar, Elínu Fjólu Þórarinsdóttur, Kristínu Svavarsdóttur, Jóhanni Þórssyni og Guðrúnu Schmidt. Allar ljósmyndir í skýrslunni voru teknar við vettvangsvinnuna.



Kort 1. Háslón og nágrenni. Svarta línan sýnir þann hluta strandlengjunnar sem úttekt á áfoki náði til.

2. Áfok

Áfok verður þar sem laus jarðvegsefni sem borist hafa með vindi falla til jarðar. Áfoksefni eru afar mismunandi að gerð og kornastærð eftir eðli þeirra svæða þar sem uppfok á sér stað. Fínefni þyrlast upp og svífa í loftinu en gróf efni berast hins vegar hlutfallslega stutt með skrið- eða stökkhreyfingu (t.d. Stallings 1957). Áfok grófari efna geta myndað svokallaða áfoksgeira sem skilgreindir eru í ritinu Jarðvegsrof á Íslandi (Ólafur Arnalds ofl. 1997) þannig að þeir myndast þegar sandur gengur inn yfir gróið land og eyðingarmáttur þeirra er mikill ef nægur sandur er til staðar. Þá hefur áfoksgeirum verið lýst sem tungulaga geirum sem geti valdið því að gróður drepist undan miklu magni áfoksefna og við það losni líka moldarefni undan gróðrinum (Ólafur Arnalds 2010). Virkir áfoksgeirar þ.e. þar sem sandgeirinn er að færast inn á gróið land fá hæstu rofeinkunn eða 5 við rofkortlagningu en þar sem virknin er minni, sandur er í einhverju mæli að fjúka inn á gróið land en framskið hans er ekki greinilegt þá fá þeir lægri einkunn (Ólafur Arnalds o.fl. 1997).

Áfok getur haft áhrif á gróður en áhrifin ráðast af ýmsum þáttum, m.a. gróðurgerð, magni áfoks, tíðni og árstíma (Maun 1998). Rannsókn á áfoksþolni gróðurs í nágrenni Háslóns fóru fram á árunum 2002 til 2009 þar sem áhrif misþykks sands (0, 1, 2, 4 og 8 cm) á gróður voru prófuð með tilraunum (Ása L. Aradóttir o.fl. 2010). Niðurstöðurnar sýndu að tegundasamsetning breyttist því meira sem áfokið var meira og í lok tilraunarinnar höfðu áhrifin aðeins gengið að hluta til baka, þá aðeins í reitum með þynnsta sandinn. Rannsóknin sýndi að áfoksþol gróðurs á svæðinu er mjög takmarkað (Ása L. Aradóttir o.fl. 2010) og endurspeglar trúlega að hluta hversu lágvaxinn gróðurinn er þar.

Fyrsta úttekt á áfoki við austurströnd Háslóns og í Kringilsárrana fór fram í ágúst 2011 og var þá ekkert áfok ofan við varnargarðinn (vegin) austan megin lónsins en lítilsháttar áfok var á tveimur stöðum í Kringilsárrana (Björn Stefánsson o.fl. 2011). Úttektin var endurtekin í byrjun júlí 2013 (Björn Stefánsson o.fl. 2014). Auk þeirra svæða sem tilgreind voru 2011, greindist lítilsháttar áfok á einum stað ofan vegar á austurströndinni og í Kringilsárrana greindist lítilsháttar áfok í vikum við Jökullæk og áfok leirs og sands við fokgirðingarnar. Mikinn storm gerði á svæðinu rétt eftir þessa úttekt og viku síðar er unnið var að kortlagningu áfoks í Kringilsárrana (Elín Fjóra Þórarinsdóttir og Guðrún Schmidt 2013) greindist einnig nokkuð stórt áfokssvæði við ströndina norðan Syðri-Hrauka, auk þess sem magn áfoksefna í vík rétt sunnan Hrauka virtist hafa aukist umtalsvert.

3. Aðferðir við vöktun og mælingar

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir aðferðafræði sem þróuð var til að mæla útbreiðslu og þykkt áfoks við Háslón og vöktunarkerfi sem sett var upp meðfram stönd lónsins sumarið 2014 er lýst.

3.1 Vöktun með ljósmyndum

Vöktunarkerfið sem sett var upp við strendur Háslóns sumarið 2014 byggist á ljósmyndum sem teknar voru með u.þ.b. 200 m millibili eftir strandlengju athugunarsvæðisins (kort 1). Viðkomandi vöktunarreitir var staðsettur með GPS mælingu (+/- 2 m) og tvær ljósmyndir teknar við hvern reit, annars vegar mynd af 50x50 cm ramma á yfirborði (mynd 1) og hins vegar yfirlitsmynd yfir svæðið (mynd 2).



Mynd 1. Dæmi um ljósmynd af 50x50 cm ramma í vöktunarreit.




Mynd 2. Dæmi um yfirlitsmynd af vöktunarreit, tekin u.þ.b. 2 metra frá strandlengju.

Rammar (50x50 cm) voru lagðir út í u.þ.b. 2 metra fjarlægð frá strandlengju (mynd 2). Við austurströnd Háslóns, frá Desjarárstíflu og suður að Sauða var þó ekki miðað við strandlínuna sjálfa heldur varnargarðinn sem vegurinn liggur á suður Hálsinn. Þar sem þetta er hluti varnarlínu þótti eðlilegra að meta einungis áfok sem berst yfir garðinn og voru rammar staðsettir u.þ.b. 2 metra frá röskuðu svæði við veg (mynd 3).



Mynd 3. Yfirlitsmynd af vöktunarreit, rammi staðsettur u.þ.b. 2 metra frá röskuðu svæði við veg.

Við austurströnd Háslóns eru alls 122 vöktunarpunktur, fyrsti punkturinn (AM001) er við Desjarárstíflu en punktarnir hafa síðan hlaupandi númer til suðurs, allt að syðsta punkti (AM122) sem er við Jökulkvísl. Í Kringilsárrana eru alls 41 vöktunarpunktur og er fyrsti punkturinn (KM001) við Kringilsá og þeir hafa svo hlaupandi númer að syðsta punkti (KM041) sem er í nágrenni Syðri-Hrauka (kort 2).



Kort 2. Staðsetning vöktunarreita með ljósmyndum.

3.2 Mælingar á áfoki

Á svæðum þar sem greina mátti áfok var útbreiðsla þess metin og þykkt áfoksins mæld.


Útbreiðsla áfokssvæða var metin með því að ganga með GPS tæki (*Garmin GPSmap 62s*, nákvæmni að jafnaði um 2 m) meðfram jaðri þeirra svæða þar sem sáust merki um áfok.

Þykkt áfoks var mæld í 50x50 cm mælireitum. Þéttleiki þeirra var aðlagður aðeins eftir aðstæðum með það að markmiði að mælingarnar gæfu lýsandi mynd af viðkomandi svæði. Þar sem áfokið náði yfir nokkuð stór samfelld svæði voru stakir mælireitir lagðir út á u.þ.b. 50 m fresti og þegar kom að ljósmyndapunkti (á u.þ.b. 200 m fresti) var mælisnið lagt út. Fyrsti reitur mælisniðs var um 2 m frá fjöruborði (eða raski við veg) og mælireitur síðan á 6 m fresti eins langt inn til landsins og áfokið náði (mynd 4). Í hverjum mælireitum var lagður út rammi (50x50 cm) sem skipt er upp í 25 hluta. Þykkt áfoks var mæld með tommustokk að næsta hálfa sentrimetra í miðju rammans og öllum hornreitum hans (N=5, mynd 5).



Mynd 4. Mælireitir lagðir út á sniði. Fyrsti reitur um 2 m frá fjöruborði og svo með 6 m millibili inn til landsins eins langt og áfok nær.

Meðaltal mælinga hvers reits er notað til að gefa upplýsingar um þykkt áfoks í viðkomandi mælireit. Staðsetning hvers reits var ákvörðuð með GPS punkti (nákvæmni +/- 2m), ljósmynd tekin af mælireit og lítil flögg skilin eftir sem afmarka reitinn og auðveldar endurmælingar síðar til að fylgjast með þróun áfoksins.



Mynd 5. Mælireitur með 50x50 cm ramma þar sem áfoksþykkt er mæld með fimm punktmælingum. Stjarna sýnir hvar í rammanum þykkt áfoks var mæld.

Einn áfoksgeiri er að myndast við strandlengju Háslóns en hann er í vík um 300 m sunnan Hrauka í Kringilsárrana. Til að fá sem gleggstar upplýsingar um umfang áfoksins og til að geta fylgst með þróun áfoksgeirans voru gerðar þéttari mælingar í honum. Tólf snið voru lögð út með 5 m millibili og lágu þau frá jaðri áfoksgeirans næst ströndinni. Á hverju sniði voru lagðir út 2-7 reitir (50 x 50 cm) eftir stærð áfoksgeirans. Reitirnir voru með 4 m millibili, alls 67 reitir (mynd 6). Reitirnir voru merktir með plastflöggum. Þykkt áfoks var mælt fimm sinnum innan hvers reits (sjá mynd 5) og meðaltal tekið fyrir þykkt áfoks í reitnum.



Mynd 6. Sumarið 2014 voru lögð út mælisnið í áfoksgeira sem hafði myndast í Kringilsárrana. Sniðin voru lögð út þannig að 4 m væru á milli þeirra og mælireitir lagðir út á hvert snið með 5 m millibil.

3.2.1 Uppsetning sjálfvirkra mælitækja

Til þess að fylgjast með þróun áfoksins voru sett upp sjálfvirk mælitæki á þremur stöðum í Kringilsárrana þ.e. við fokgirðingar nyrst á Rananum, á rofsvæði rétt norðan Hrauka og í áfoksgeira sunnan Hrauka (kort 3).

Mælitækin sem um ræðir eru sjálfvirk veðurstöð sem mælir vindhraða, vindátt, lofthita, loftraka og jarðvegshita og svokallaðir Sensit nemar sem mæla magn áfoksefna. Gerð verður grein fyrir þessum verkþætti í sérstakri skýrslu.

4. Vettvangsúttekt, úrvinnsla og niðurstöður

Úttektin var unnin dagana 7.-10. júlí 2014. Fyrsta daginn var gengið með strandlengjunni austan Háslóns og strandlengjan vöktuð með ljósmyndum. Næstu tvo daga var siglt yfir Háslón og farið í Kringilsárrana þar sem gengið var meðfram strandlengjunni, myndir teknar og áfok mælt, auk þess sem sjálfvirk mælitæki voru sett upp. Síðasta daginn var áfok við austurströnd Háslóns mælt.


Allar upplýsingar sem safnað var í vettvangsferðinni voru skráðar í landfræðilegan gagnagrunn (*ArcMap file geodatabase*) hjá Landgræðslu ríkis. Teiknaðir voru flákar eftir GPS ferlum sem afmarka áfokssvæðin. Þá var búin til punktaþekja með staðsetningu mælireita samkvæmt GPS mælingum sem jafnframt inniheldur upplýsingar um heiti ljósmynda af báðum gerðum reita (vöktun og mælingar) og upplýsingar um mælingar á þykkt áfoks.

Staðsetning vöktunarreita og mælireita er sýnd á kortum í skýrslunni svo og staðsetning og útbreiðsla áfokssvæða. Upplýsingar um áfoksþykkt í mælireitum eru birtar í töflum en ljósmyndir af mælireitum og vöktunarreitum fylgja með á DVD disk. Heiti myndanna vísar til viðkomandi reits auk dagsetningar og tíma sem myndin var tekin. Fyrstu tveir bókstafirnir vísa til staðsetningar þannig að AM er við austurströnd Háslóns en KM í Kringilsárrana og þriggja stafa númer eftir bókstöfum vísar til vöktunarreits (*dæmi AM069 er vöktunarreitur við austurströnd Háslóns*) en heiti með tveimur aukanúmerum aftanvið og jafnvel bókstaf vísar til mælireits (*dæmi KM039_01c er mælireitur í sniði í Kringilsárrana*). Listi yfir heiti og staðsetningu allra vöktunarreita og mælireita er birt í Viðauka I.

4.1 Niðurstöður – áfok frá lónstæði Háslóns

Áfok reyndist vera á nokkrum svæðum við Háslón. Teiknaðir voru flákar utan um öll áfokssvæði eftir GPS mælingum og til að auðvelda framsetningu er þeim skipt upp í eftirfarandi fimm svæði a) við Lindabungu, b) við Kofaöldu, c) nyrst í Kringilsárrana, d) við Hrauka og e) norðan Syðri-Hrauka (kort 3).

Á korti 3 er jafnframt sýnd staðsetning sjálfvirku mælitækjanna sem sett voru upp á þremur stöðum í Kringilsárrana.



Kort 3. Áfokssvæði við Háslón, a) við Lindabungu, b) við Kofaöldu, c) nyrst í Kringilsárrana, d) við Hrauka og e) norðan Syðri-Hrauka (stærð svæða ýkt til að sýna staðsetningu). Svartir krossar sýna staðsetningu sjálfvirkra mælitækja sem sett voru upp í Kringilsárrana í júlí 2014.

4.1.1 Áfokssvæði við Lindabungu

Við Lindabungu var áfok við veginn á samtals um 1.300 m löngum kafla, á tveimur samliggjandi svæðum sem ná yfir u.þ.b. 4,4 ha lands (kort 4).



Kort 4. Áfokssvæði við Lindabungu (a), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.

Í flestum tilfellum var áfok fremur lítið eða < 1 cm þykkt í mælireit en þó reyndist áfok vera meira í fimm reitum af 52 (9,6%), mest var það 2,2 cm í reit norðanlega á svæðinu (tafla 1). Meðalþykkt áfoks í reitum næst veginum var 0,5 cm ($\pm 0,09$ (\pm staðalskekka), N=26).

Tafla 1. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum við Lindabungu (staðalskekkja í sviga). Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm							
	2 m	b	c	d	e	f	g	h
AM 020_01	0,0 (0,00)							
AM 020_02	0,3 (0,12)	0,0 (0,00)	0,0 (0,00)					
AM 020_03	0,1 (0,10)							
AM 021_01	2,2 (0,20)							
AM 021_02	0,8 (0,12)							
AM 021_03 (snið)	0,3 (0,12)	0,7 (0,20)	1,3 (0,20)	0,6 (0,19)	0,3 (0,12)	0,1 (0,10)	0,0 (0,00)	
AM 022_01	0,0 (0,00)							
AM022_02	1,0 (0,16)							
AM 022_03	0,5 (0,16)							
AM 022_04 (snið)	0,1 (0,10)	0,3 (0,20)	1,7 (0,37)	0,5 (0,16)	0,2 (0,12)	0,1 (0,10)	0,1 (0,10)	
AM023_01	0,1 (0,10)							
AM 023_02	0,2 (0,12)							
AM 023_03	0,2 (0,12)							
AM 024_01 (snið)	0,2 (0,12)	0,0 (0,00)	0,6 (0,37)	0,5 (0,22)	0,7 (0,20)	0,4 (0,29)	0,2 (0,20)	0,1 (0,10)
AM 024_02	0,6 (0,29)							
AM 024_03	1,2 (0,20)							
AM 025_01	0,7 (0,12)							
AM 025_02 (snið)	0,9 (0,19)	0,4 (0,19)	0,5 (0,00)	0,1 (0,10)				
AM 025_03	0,5 (0,22)							
AM 026_01	0,6 (0,19)							
AM 026_02	0,4 (0,19)							
AM 026_03	0,1 (0,10)							
AM 027_01 (snið)	0,4 (0,10)	0,2 (0,12)	0,1 (0,10)					
AM 027_02	0,6 (0,10)							
AM 027_03	0,5 (0,16)							
AM 027_04	0,7 (0,20)							

Til glöggvunar eru sýndar myndir með dæmum um mismunandi áfoksþykkt, annars vegar mjög lítið áfok þar sem meðalþykkt í mælireit var 0,2 cm (mynd 7) og hins vegar mikið áfok eða 2,2 cm meðalþykkt í mælireit (mynd 8).



Mynd 7. Mæltreitur AM 023_02 þar sem meðalþykkt áfoks var 0,2 cm.



Mynd 8. Mæltreitur AM 021_01 þar sem meðalþykkt áfoks var 2,2 cm.

4.1.2 Áfokssvæði við Kofaöldu

Við Kofaöldu var áfok á fjórum svæðum, eða alls á um 1,4 ha. Að norðan eru tvö samliggjandi svæði, á samtals um 540 m löngum kafla en að sunnan eru tvö svæði 245 m og 75 m löng (kort 5).



Kort 5. Áfokssvæði við Kofaöldu (b), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.

Áfokið var almennt fremur lítið en þó var í fimm af 32 reitum (15,6%) meðalþykkt áfoks 1 cm eða meira, mest 1,3 cm í mælireit AM 082_01b sem er í u.þ.b. 8 m fjarlægð frá vegi (tafla 2). Meðalþykkt í reitum næst veginum var 0,6 cm ($\pm 0,09$, N=18).

Tafla 2. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum við Kofaöldu (staðalskekkja í sviga). Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm				
	2 m	b	c	d	e
AM 076_01	0,1 (0,10)				
AM 076_02 (snið)	1,0 (0,16)	0,8 (0,20)			
AM 076_03	1,0 (0,00)				
AM 076_04	0,5 (0,16)				
AM 077_01 (snið)	1,2 (0,25)	0,1 (0,10)	0,1 (0,10)		
AM 077_02	0,1 (0,10)				
AM 077_03	0,2 (0,12)				
AM 078_01	0,7 (0,20)				
AM 078_02 (snið)	0,5 (0,16)	0,3 (0,20)	0,1 (0,10)		
AM 078_03	0,3 (0,12)				
AM 078_04 (snið)	0,7 (0,12)	0,1 (0,10)			
AM 080_01	0,7 (0,34)				
AM 081_01 (snið)	0,9 (0,10)	0,4 (0,24)	0,1 (0,10)		
AM 081_02	1,2 (0,25)				
AM 081_03	0,8 (0,12)				
AM 082_01 (snið)	0,8 (0,12)	1,3 (0,20)	0,3 (0,12)	0,2 (0,12)	0,1 (0,10)
AM 082_02	0,3 (0,12)				
AM 083_01 (snið)	0,1 (0,10)	* 0,0 (0,00)	* 0,0 (0,00)		


* Áfok mældist ekki en blettir innan ramma með smá áfoki

4.1.3 Áfokssvæði nyrst í Kringilsárrana

Nyrst í Kringilsárrana eru nokkur svæði við fokgirðingarnar þar sem áfok er (kort 6). Á tveimur vestustu svæðunum virtist eingöngu um að ræða áfok fínkornóttra efna, sennilega jökulleirs sem í einhverjum tilvikum virðist hafa sest til í skjóli fokgirðinganna. Þessi svæði eru samtals um 0,3 ha að stærð og eru meðfram fokgirðingunum á samtals um 380 m löngum kafla. Áfokið var það lítið á þessum svæðum að ekki þótti ástæða til að leggja út mælireiti þar.

Á næstu tveimur áfokssvæðum var einnig að mestu um leiráfok að ræða en sandur var þó á nokkrum svæðum næst fokgirðingunum (kort 6). Þessi svæði eru samtals tæpir 0,3 ha að stærð og liggja meðfram fokgirðingunum á ríflega 300 m kafla. Fimm mælireitir voru teknir á þessum svæðum og var meðalþykkt áfoksins í öllum tilvikum < 1 cm (tafla 3). Mælireitur KM 006_01 var tekinn um 10 m frá fokgirðingu á svæði þar sem eingöngu var leiráfok en aðrir reitir voru teknir við fokgirðingarnar og þar voru áfoksefni blanda af leir og sandi.

Við norðaustur enda Ranans eru þrjú lítil áfokssvæði meðfram fokgirðingunum á samtals um 100 m löngum kafla og eru þau tæplega 0,1 ha að stærð (kort 6). Á þessum svæðum var áfokið umtalsvert meira því meðalþykktin var yfir 1 cm í þremur reitum af fimm (60%) og mest mældist áfokið 3,1 cm (tafla 3).




Kort 6. Áfokssvæði nyrst í Kringilsárrana (c), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.

Tafla 3. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum nyrst í Kringilsárrana (staðalskekkja í sviga). Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm
	2 m
KM 006_01	0,3 (0,12)
KM 006_02	0,5 (0,16)
KM 007_01	0,4 (0,19)
KM 007_02	0,9 (0,19)
KM 008_01	0,3 (0,12)
KM 008_02	3,1 (0,87)
KM 008_03	0,6 (0,19)
KM 008_04	1,5 (0,35)
KM 008_05	1,1 (0,19)
KM 009_01	0,1 (0,10)

4.1.4 Áfokssvæði við Hrauka

Við Hrauka í Kringilsárrana eru þrjú svæði þar sem áfok mældist (kort 7). Tvö lítil afmörkuð áfokssvæði eru rétt norðan Hrauka (kort 7). Á nyrðra svæðinu sem er innan við 40 m² var tekinn einn mælireitur og var meðalþykkt áfoks í reitnum 0,4 cm (tafla 4). Á syðra svæðinu sem er rúmlega 200 m² voru teknir fimm punktar og voru flestir reita með minna en 1 cm í áfok. Meðaláfoksþykktin var frá 0,2 cm og upp í 2,6 cm (tafla 4).



Kort 7. Áfokssvæði við Hrauka (d), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.

Tafla 4. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum norðan Hrauka (staðalskekkja í sviga). Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm	
	2 m	snið b
KM 024_01	0,4 (0,19)	
KM 026_01 (snið)	2,6 (0,19)	0,4 (0,29)
KM 026_02 (snið)	0,2 (0,12)	0,9 (0,29)
KM026_03	0,5 (0,27)	

Syðst er áfoksgeiri sem er um 300 m sunnan við Hrauka og nær yfir rúmlega 0,2 ha svæði. Settir voru út alls 67 mælireitir í áfoksgeirann til að fá heildstætt yfirlit yfir áfoksþykktina á öllu svæðinu. Þetta er það svæði við Háslón þar sem þykkt áfoksefna reyndist vera lang mest en einungis 18 reitir (26,9%) mældust með meðalþykkt < 1 cm og þar af var um helmingur þeirra reita sem lentu í fjöruborði þar sem mól var í efsta laginu (tafla 5). Alls voru 30 reitir (44,8%) með meira en 5 cm djúpu áfoki og mest reyndist það vera 11 cm þykkt. Meðalþykkt áfoksgeirans var 4,4 cm ($\pm 0,42$, N=67).

Tafla 5. Meðalþykkt áfoks í mælireitum í áfoksgeira sunnan við Hrauka (staðalskekkja í sviga). Reitir með 1 cm þykkt áfok eða meira eru skyggðir.

Reitur	Þykkt áfoks cm						
	2 m	snið b	snið c	snið d	snið e	snið f	snið g
KM 028_01 (snið)	1,4 (0,80)	6,6 (0,51)	5,1 (1,05)	1,2 (0,58)	2,1 (1,00)	0,8 (0,34)	1,6 (0,62)
KM 028_02 (snið)	10,9 (0,37)	9,3 (0,34)	5,9 (2,15)	5,6 (1,03)	7,3 (0,66)	3,6 (0,40)	4,2 (0,37)
KM 028_03 (snið)	* 0,0 (0,00)	* 0,0 (0,00)	7,3 (1,56)	9,3 (0,30)	8,8 (0,37)	5,6 (0,60)	2,0 (0,32)
KM 028_04 (snið)	6,0 (1,06)	3,7 (1,87)	11,0 (1,22)	6,6 (0,60)	7,4 (1,21)	2,6 (0,51)	0,6 (0,19)
KM 028_05 (snið)	* 3,4 (1,80)	6,2 (0,82)	8,8 (0,58)	8,8 (0,72)	9,2 (0,22)	3,2 (0,66)	0,8 (0,25)
KM 028_06 (snið)	* 0,2 (0,20)	7,5 (0,85)	9,4 (0,51)	9,7 (0,34)	5,6 (0,93)	0,5 (0,16)	
KM 028_07 (snið)	* 0,0 (0,00)	2,6 (1,23)	7,6 (0,93)	7,8 (0,37)	3,4 (0,68)	0,8 (0,41)	
KM 028_08 (snið)	* 0,0 (0,00)	** 0,0 (0,00)	9,8 (0,20)	5,1 (1,10)	3,5 (1,88)	1,6 (0,51)	
KM 028_09 (snið)	0,0 (0,00)	0,2 (0,20)	6,5 (0,79)	6,6 (0,89)	4,7 (0,44)	0,3 (0,12)	
KM 028_10 (snið)	8,5 (1,25)	0,1 (0,10)	4,3 (1,36)	3,8 (0,58)			
KM 028_11 (snið)	2,5 (1,24)	0,5 (0,00)					
KM 028_12 (snið)	* 0,7 (0,46)	0,6 (0,24)					

* Reitur að hluta til eða alveg í fjöruborði

** Leirlag á yfirborði reits

4.1.5 Áfokssvæði norðan Syðri-Hrauka

Norðan Syðri-Hrauka í Kringilsárrana eru tvö áfokssvæði, annars vegar er nokkuð stórt áfokssvæði sem liggur með austurströndinn á um 830 m löngum kafla og er um 1,8 ha að stærð og hins vegar mjög lítið svæði í vík sem snýr móti norðri (kort 8).



Kort 8. Áfokssvæði sunnan Hrauka (e), útbreiðsla áfokssvæðis og staðsetning mælireita.

Áfokið var í flestum tilfellum fremur lítið og einungis mældist meðalþykkt áfoks 1 cm eða meira í tveimur af 31 reitum (6,5%), mest 1,2 cm. Meðalþykkt áfoks í reitum meðfram lónsborðinu var 0,4 cm ($\pm 0,08$, N=18).

Tafla 6. Meðalþykkt áfoks í mælireitum á áfokssvæðum sunnan Hrauka (staðalskekkja í sviga).

Reitur	Þykkt áfoks cm					
	2 m	b	c	d	e	f
KM 033_01	0,1 (0,10)					
KM 035_01	0,1 (0,10)					
KM 035_02	0,0 (0,00)					
KM 035_03	0,2 (0,12)					
KM 036_01 (snið)	1,0 (0,27)	0,6 (0,19)	0,1 (0,10)	0,4 (0,24)	0,0 (0,00)	0,2 (0,12)
KM 036_02	0,2 (0,12)					
KM 036_03	0,4 (0,10)					
KM 036_04	1,2 (0,64)					
KM 037_01 (snið)	0,6 (0,19)	0,5 (0,32)	0,1 (0,10)	0,5 (0,39)		
KM 037_02	0,6 (0,37)					
KM 037_03	0,8 (0,34)					
KM 037_04	0,8 (0,12)					
KM 038_01 (snið)	0,1 (0,10)	0,5 (0,22)	0,1 (0,10)	0,0 (0,00)		
KM 038_02	0,1 (0,10)					
KM 038_03	0,5 (0,27)					
KM 038_04	0,4 (0,19)					
KM 039_01 (snið)	0,4 (0,19)	0,1 (0,10)	0,1 (0,10)			
KM 039_02	0,1 (0,10)					

5. Samantekt og umræður

Við úttekt á áfoki við Háslón sumarið 2014 greindust þrjár mismunandi gerðir áfoks. Fyrsta gerðin er þar sem sandur hafði gengið inn á gróið land á mjög afmörkuðu svæði (áfoksgeiri), önnur gerðin er þar sem áfok sands dreifðist yfir nokkuð stórt svæði og sú þriðja þar sem áfok var að finna af völdum leirs.

Á einum stað í Kringilsárrana er að myndast áfoksgeiri og á þremur öðrum stöðum eru áfokssvæði sem hvert er yfir 1 ha að stærð (kort 3). Stærsta áfokssvæðið er við Lindabungu og nær það yfir rúmlega 4 ha (kort 4). Að jafnaði er áfokið hálfur sentimetri í reitum næst ströndinni á þessum svæðum en breytileikinn er mikill. Þannig er sjötti hver reitur við Kofaöldu með 1 cm áfok eða meira, tíundi hver reitur við Lindabungu og fimmtándi hver norðan Syðri Hrauka í Kringilsárrana. Mikilvægt er að hafa í huga að áfokssvæðin við austurströnd Háslóns eru almennt nokkuð sléttlend og áfokið verður því nokkuð jafndreift en svæðið norðan Syðri Hrauka er mishæðótt sem hefur áhrif á dreifingu áfoksins.

